

Samantekt um hönnunarkröfur

Fyrir þau hús þar sem sett verða upp ný hitakerfi vegna hitaveituvæðingar í Sveitarfélaginu Skagaströnd.

Skilyrði laga og reglugerðar

Með vísan til laga um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerðar nr. 112/2012 skal hanna nýjar lagnir í mannvirki. Leggja skal fram uppdrætti til samþykktar hjá byggingarfulltrúa áður en lagnavinna hefst.

Nýtt hitakerfi

Þar sem annar hitunarbúnaður en vatnshitakerfi hefur verið fyrir í eign þarf að leggja nýtt hitakerfi til að taka inn hitaveitu og fá byggingarleyfi fyrir því. Með hitakerfi er átt við nýja vatnsöfna og lagnir að þeim, gólfhitakerfi eða sambland af öfna- og gólfhitakerfi. Vísað er til 14 hluta byggingarreglugerðar nr. 112/2012, lagnir og lagnabúnaður.

Hönnunarkröfur

Reikna skal varmatap húsa út frá núverandi einangrun þeirra skv. ÍST 30. Taka má tillit til þess ef fyrirhugað er að endurbæta einangrun einhverra húshluta.

Gera skal ofnatöflu þar sem skilgreind er mesta stærð ofns/ofna í hverju upphituðu rými, hver afköst þeirra eiga að vera, staðsetning tengistúta og gerð ofnkрана. Tilgreina skal mismun á meðalhita ofna og herbergishita í húsinu sem er 25°C fyrir Skagaströnd.*

Teikna skal ofnana inn á grunnmynd af hæð/hæðum húss. Einnig skal teikna inn lagnaleiðir í aðalatriðum, skilgreina röragerð og þvermál röra. Má skila á skönnuðum grunnmyndum ef fyrir liggja teikningar af húsinu.

Í gólfhitakerfi skal teikna upp hverja slaufu á grunnmynd húss og skilgreina rörþvermál, lengd og millibil milli röra. Einnig skal teikna upp tengigrind fyrir gólfhitalagnirnar og stýrikerfi þess. Skilgreina skal framrásarhita sem reiknað er með, varmaþörf hvers rýmis, yfirborðshita gólfs við full afköst, reiknað vatnsstreymi og þrýstifall í hverri slaufu.

(*Þrátt fyrir hönnunarviðmið meðalhita ofns og herbergis sé 25°C mun verða litið til aðstæðna ef hönnuðir telja nauðsyn á að setja viðmið meðalhita á bilinu 25-30°C)

Hönnuðir

Lagnahönnuðir eru þeir sem hafa hlotið löggildingu sbr. b. lið 25. gr. laga nr. 160/2010 til þess að leggja fram sérupprætti lagnakerfa, hver á sínu sviði. Hönnuðir skulu árita teikningar sínar og þannig ábyrgjast að hönnun sé faglega unnin og í samræmi við lög og reglugerðir um byggingarmál.

Lista yfir löggilta hönnuði má finna á heimasíðu Mannvirkjastofnunar:

<http://www.mannvirkjastofnun.is/byggingar/loggildingar-honnuda-og-idnmeistara/listi-yfir-loggilta-honnudi/>

Í grein 4.1.1 í byggingarreglugerð nr. 112/2012 segir m.a. um hönnuði:

Ábyrgð og hlutverk hönnuða.

Hönnuðir sem hafa fengið löggildingu, sbr. 25. og 26. gr. laga um mannvirki, skulu gera aðal- og sérupprætti hver á sínu sviði.

.....

Hönnuður, einstaklingur eða fyrirtæki þar sem löggiltur hönnuður starfar sem leggur upprætti fyrir leyfisveitanda skal hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu, sbr. ákvæði laga um mannvirki og reglugerðar um starfsábyrgðartryggingar hönnuða og byggingarstjóra.

Hönnuður skal, áður en hann leggur upprætti fyrir leyfisveitanda, framvísa staðfestingu þess er tryggingu veitir að hann hafi fullnægjandi tryggingu.

Hafi hönnuður ekki lengur fullnægjandi ábyrgðartryggingu er honum ekki heimilt að leggja upprætti fyrir leyfisveitanda.

Byggingarfulltrúi